

Hörgársveit
Sigríður Hrefna Pálsdóttir
Pelamerkuskóli
601 Akureyri

Reykjavík, 1. desember 2021
UST202111-228/A.B.
10.04.00

Efni: Lýsing – Breyting á aðalskipulagi Hörgársveitar 2012-2024 og deiliskipulagi - Lónsbakkahverfi

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Hörgársveitar er barst 23. nóvember sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu að breytingu á aðalskipulagi Hörgársveitar 2012-2024 og deiliskipulagi fyrir Lónsbakkahverfi í Hörgársveit.

Í greinargerð kemur fram að í norðurhluta hverfisins eru áform um að fjölga íbúðarlóðum um 30-35, fyrir einbýlishús og raðhús. Auk þess eru áform um að nýta hluta gistihúsalóðar við Lónsá sem íbúðarlóðir fyrir einbýlishús og lítil fjölbýlishús á 1-2 hæðum, en næst þjóðvegi verði lóð fyrir verslun og þjónustu.

Umhverfisstofnun hefur farið yfir ofangreinda lýsingu og gerir ekki athugasemdir við hana.

Virðingarfyllst,

Axel Benediktsson
sérfræðingur

Björn Stefánsson
sérfræðingur